



Nefndasvið Alþingis
Iðnaðarnefnd
Austurstræti 8 – 10

150 Reykjavík

Reykjavík, 11. febrúar 2011

Efni: Umsögn um frumvarp til laga um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða, 382. mál

Samtök atvinnulífsins (SA) hafa fengið ofangreint frumvarp til umsagnar. Markmið frumvarpsins er að stuðla að uppbyggingu, viðhaldi og verndun ferðamannastaða í opinberri eigu eða umsjón um land allt.

Frumvarp þetta er nátegt frumvarpi um farþegagjald og gistináttgjald sem er til meðhöndlunar í efnahags- og skattanefnd Alþingis. Ferðamannaíðnaður er vaxandi atvinnugrein hér á landi og miklar vonir bundnar við það að greinin geti áfram vaxið umtalsvert með því að lengja ferðamannatímamann hér á landi. Vöxtur greinarinnar eru heldur ekki bundinn takmörkunum líkt og gildir um vöxt annarra útflutningsgreina sem nýta náttúruauðlindir. Ferðamannaíðnaðurinn er hins vegar afar viðkvæmur fyrir ytri röskun, enda horfa flestar nágrannarþjóðirnar til þessa iðnaðar sem vaxtasprotta í sínu efnahagsumhverfi. SA vara við því að neikvæð áhrif farþegagjalds og gistináttgjalds geti orðið verulega meiri á þjóðarþúið en sem nemur þeim tekjum sem gjöldin kunna að skila í ríkissjóð.

Í 3. gr. frumvarps um Framkvæmdasjóð ferðamannastaða kemur fram að árlegar tekjur sjóðsins eru framlag ríkissjóðs sem nánar er ákveðið í fjárlögum, vextir af fé sjóðsins og aðrar tekjur. Í greinargerð með frumvarpinu kemur fram að sú fjárhæð sem ráðstafað verður af fjárlögum til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða muni endurspeglar 3/5 af innheimtu farþegagjaldi og gistináttgjaldi.

Það er eindregin skoðun Samtaka atvinnulífsins að verði tekið upp farþegagjald og gistináttgjald þá eigi það að fullu að renna til Framkvæmdasjóðs ferðamannastaða. Annað er óásættanlegt fyrir greiðendur gjaldsins og í ósamræmi við markmið frumvarpsins.

Samtök atvinnulífsins leggja því til að í 3. gr. frumvarpsins verði lögfest tenging tekna sjóðsins við innheimtu af farþegagjaldi og gistináttgjaldi, þ.e. að innheimta af farþegagjaldi og gistináttgjaldi renni alfarið í Framkvæmdasjóð ferðamannastaða. Að öðrum kosti er hætt á að sífellt stærri hluti gjaldanna fari til að standa undir almennum rekstri ríkisins. Í því sambandi er vert að minna á þróun sérstaks gjalds sem kveðið er á um í lögum um Ríkisútvarpið ohf. og var í upphafi ætlað að fjármagna rekstur þess.

Þá leggja SA áherslu á að inn í löginn verði sett ákvæði sem geri ráð fyrir að lög nr. 84/2007, um opinber innkaup, gildi um framkvæmdir sem fjármagnaðar eru með fé úr sjóðnum.

Virðingarfyllst,
f.h. Samtaka atvinnulífsins